

Þriðjudaginn 14. apríl 1998.

Nr. 158/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurði Erni Ágústssyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 17. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1998.

Ár 1998, þriðjudag 7. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Sigurði Erni Ágústssyni, kt. 150470-5019, Reykjavíkurvegi 44, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds, er rennur út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 17. apríl nk. kl. 16.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík vinnur nú að rannsókn ætlaðra stórfelldra brota kærða og Davíðs Garðarssonar, kt. 190869-5399, gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf. Í þágu rannsóknarinnar hefur kærði sætt gæsluvarðhaldi frá 10. mars sl.

Rannsóknin snýst um innflutning á 1.008,4 grömmum af amfetamíni sem fundust í bifreið af gerðinni BMW, sem kærði flutti inn frá Hamborg og kom til landsins 4. þ. m. Í stað amfetamínsins kom lögregla fyrir í bifreiðinni pakka af gerviefni. Kærði neitar enn staðfastlega aðild að innflutningi þessum.

Kærði kveðst hafa farið til Hamborgar í febrúar sl. til að kaupa bifreið, og hafi hann sammælt við framangreindan Davíð að hittast þar. Davíð hafi aðstoðað sig við bifreiðarkaupin og að koma bifreiðinni á réttan stað á hafnarsvæði borgarinnar. Kærði hefur ekki neitað þeim möguleika, að Davíð hafi komið eða látið koma pakkanum fyrir í bifreiðinni. Kærði hefur viðurkennt að hafa eftir fyrirmælum manns eða manna, sem hann getur ekki lýst, tekið pakkann, sem lögregla hafði komið fyrir í BMW-bifreiðinni og hann taldi vera fíkniefni, úr þeirri bifreið, komið honum fyrir í annarri bifreið í eigu hans og skilið hann þar eftir, til að maðurinn eða mennirnir gætu vitjað hans. Hefur kærði borið, að hann hafi haft grunsemdir um, að ekki væri allt með felldu, en vegna hótana mannsins eða mannanna hafi hann ekki þorað annað en fara að fyrirmælum hans eða þeirra. Framangreindur framburður kærða þykir að mörgu leyti lítt trúverðugur.

Fallast verður á það með lögreglu, að rökstuddur grunur sé um aðild kærða að innflutningi þessum. Rannsóknargögn málsins renna öll stoðum undir þann grun sem og skýrsla rannsóknardeildar lögreglu frá í dag, þar sem fram kemur, að samkvæmt upplýsingum frá þýskum lögregluþyriföldum sé bílasala sú, sem kærði og félagi hans áttu viðskipti við, tengd fíkniefnadreifingu.

Rannsókn málsins er vel á veg komin, en þó er ljóst, að enn er eftir að taka skýrslur og rannsaka málið í Þýskalandi, en sú rannsókn getur upplýst málið verulega, hvort sem þær upplýsingar styrkja grunsemdir á hendur kærða eða ekki.

Pegar lítið er til þess, sem að framan greinir, og að hér er um umfangsmikið og mjög alvarlegt sakarefni að ræða, þykir með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að fallast á fram komna kröfu. Verður kærða samkvæmt því gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 17. apríl nk. kl. 16.

1555

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Örn Ágústsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudags 17. apríl nk. kl. 16.
